

Sigurður H. Richter, Matthías Eydal, Karl Skírnisson

SNÍKJUDÝR Í MÖNNUM Á ÍSLANDI FUNDIN VIÐ RANNSÓKNIR Á ÁRUNUM 1973-1988

ÚTDRÁTTUR

Á árunum 1973-1988 voru á Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum rannsökuð 3922 sýni úr 2528 sjúklingum sem grunur lék á að gætu verið með innri sníkjudýr. Um það bil 99% sýnanna voru saursýni. Í 234 sjúklingum (9,3%) fundust ein eða fleiri sníkjudýrategundir. Alls fundust að minnsta kosti 24 tegundir sníkjudýra í sýnunum.

INNGANGUR

Á Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum hefur allt frá árinu 1973 farið fram leit að og greining á sníkjudýrum manna. Í þessari grein eru teknar saman helstu niðurstöður þeirra rannsókna á innri sníkjudýrum manna sem stundaðar hafa verið að Keldum á árunum 1973-1988.


EFNIVIÐUR OG AÐFERÐIR

Í þessum rannsóknum hefur fyrst og fremst verið leitað að ummerkjum um innri sníkjudýr í saursýnum. Sýnin hafa einkum verið úr fólki sem grunur hefur leikið á að gæti verið með sníkjudýrasýkingar. Þó hafa einnig verið greind sníkjudýr sem komið hafa úr meltingarvegi sjúklinga eða fundist í vefjum þeirra eða blóði. Sýnin eru send til greiningar frá sjúkrahúsum eða einstökum læknum. Hér er því ekki um tilviljanakennt úrtak að ræða heldur eru sýni oftast send vegna gruns um sníkjudýrasýkingar.


Sú aðferð sem mest hefur verið notuð við rannsókn á saursýnunum er svonefnd formalín-eter botnfelling (1) og upp á síðkastið formalín-etýlasetat botnfelling (2). Botnfallið er joðlitað fyrir smásjárskoðun. Ef grunur leikur á *Cryptosporidium* sýkingu er beitt Ziehl-Neelsen litun á botnfallið (3).

Þegar leitað er að frumdýrum er leitað að

Frá Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum.



Mynd 1. Fjöldi sýna úr mönnum í sníkjudýrarrannsókn að Keldum árin 1973-1988.



Mynd 2. Fjöldi einstaklinga í sníkjudýrarrannsókn að Keldum 1973-1988.

þolhjúpuðum frumdýrum (cysts) í saur sjúklingsins. Þegar leitað er að vísbendingum um orma í meltingarvegi er í langflestum tilvikum leitað að eggjum ormannna í saurinum og í stöku tilvikum er leitað að lirlfum.

Oft er aðeins eitt saursýni skoðað en beinist leitin sérstaklega að frumdýrum eru yfirleitt skoðuð tvö til þrjú saursýni sem tekin eru með nokkurra daga millibili til að auka líkur

á að finna hugsanlega sýkingu. Ennfremur eru sýni oft skoðuð eftir lyfjameðferð gegn sníkjudýrum til að kanna árangur.

NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐUR

Alls hafa verið skoðuð 3922 sýni síðan þessar rannsóknir hófust að Keldum árið 1973. Um 99% sýnanna eru saursýni, oft fleiri en eitt úr hverjum sjúklingi. Fjöldi skoðaðra sýna hefur aukist nokkuð jafnt og þétt á þessu tímabili (mynd 1).

Sýnin voru úr 2528 einstaklingum, og í 234 þeirra eða 9,26% greindust sníkjudýr. Stundum greindist fleiri en ein tegund í sama manni. Mest fundust fimm tegundir í einstaklingi.

Flest árin hefur sýkingarhlutfall verið svipað (mynd 2). Óvenju hátt sýkingahlutfall árin 1979 og 1980 má rekja til innflytjendahóps sem kom til landsins fyrra árið (4) (mynd 2).

Að minnsta kosti 29 tegundir innri sníkjudýra sem geta farið í menn, hafa fundist hér á landi (5). Í þeim rannsóknum sem greint er frá í þessari samantekt hafa fundist alls að minnsta kosti 24 tegundir sníkjudýra og er tíðni þeirra misjöfn (sjá töflu). Sumar þeirra höfðu fundist áður í mönnum hér á landi en aðrar fundust í fyrsta sinn.

PAKKIR

Niðurstöður greinarinnar eru byggðar á rannsóknum sýna og upplýsingum sem send hafa verið að Keldum frá fjölmörgum læknum. Er þeim öllum þökkud góð samvinna.

SUMMARY

Endoparasites in humans in Iceland found in studies during 1973-1988.

During 1973-1988 altogether 3922 samples from 2528 individuals suspected of carrying endoparasites were examined at the Institute for Experimental Pathology at Keldur, University of Iceland (Figures 1 and 2). Approximately 99% of the samples were faecal samples. In these samples at least 24 species of endoparasites were found (Table). Altogether 234 patients (9.3%) were found to harbour one or more species of endoparasites.

Tafla. Innri sníkjudýr manna greind að Keldum 1973-1988

	Fjöldi tilfella
Frumdýr (Protozoa)	
<i>Giardia lamblia</i>	67
<i>Chilomastix mesnili</i>	4
<i>Endolimax nana</i>	57
<i>Iodamoeba butschlii</i>	1
<i>Entamoeba coli</i>	51
<i>Entamoeba hartmanni</i>	9
<i>Entamoeba histolytica</i>	18
<i>Cryptosporidium</i> sp.	7
Ögður (Trematoda)	
<i>Clonorchis sinensis</i> og/eða <i>Opistorchis</i> sp.	2
<i>Heterophyes heterophyes</i> og/eða <i>Metagonimus yokogawai</i>	2
Bandormar (Cestoda)	
<i>Hymenolepis nana</i>	1
<i>Taenia saginata</i>	2
<i>Taenia solium</i>	1
<i>Taenia</i> spp.	2
<i>Echinococcus granulosus</i>	2
Práðormar (Nematoda)	
<i>Strongyloides stercoralis</i>	2
<i>Ancylostoma duodenale</i> og/eða <i>Necator americanus</i>	17
<i>Trichostrongylus</i> spp.	1
<i>Ascaris lumbricoides/suum</i>	44
<i>Enterobius vermicularis</i>	9
<i>Trichuris trichiura</i>	12
<i>Wuchereria bancrofti</i>	1
<i>Onchocerca volvulus</i>	1

HEIMILDIR

- Allen AHV, Ridley DS. Further observations on the formol-ether concentration technique for faecal parasites. *The J Clin Pathol* 1970; 23: 545-6.
- Young KH, Bullock SL, Melvin DM, Spruill CL. Ethyl Acetate as a Substitute for Diethyl Ether in the Formalin-Ether Sedimentation Technique. *J Clin Microbiol* 1979; 10: 852-3.
- Henriksen SA, Pohlenz JFL. Staining of *Cryptosporidia* by a Modified Ziehl-Neelsen Technique. *Acta Vet Scand* 1981; 22: 594-6.
- Richter SH. Sníkjudýr í meltingarvegi manna á Íslandi. Ráðstefna um rannsóknir í Læknadeild Háskóla Íslands 1981, bls. 5.
- Richter SH, Eydal M, Skírnisson K. Yfirlit yfir sníkjudýr fundin í mönnum á Íslandi. *Læknablaðið* 1990; 76: Í prentun.